

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans í Garðabæ.

1. gr.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjöld vegna útgáfu á byggingarleyfum sem byggingarfulltrúi samþykkir og/eða bæjarstjórn Garðabæjar staðfestir. Jafnframt skal greiða gjöld vegna byggingarleyfisumsókna og annarrar þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir.

2. gr.

Fjárhæð leyfis og þjónustugjalda skal vera eftirfarandi:

<i>Byggingarleyfisgjald</i>	kr.
Fast gjald vegna móttöku umsókna	4.700
Rúmmetragjald pr. byggðan m ³ í nýbyggingu að hámarki 50.000 m ³	47
<i>Yfirferð séruppdrátta</i>	
(burðarþols-, lagna- og séruppdrátta aðalhönnuða)	kr.
Einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishús allt að 6 íbúðir	35.800
Fjölbýlishús 6 íbúðir og fleiri	69.300
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús allt að 2000 m ³ brúttó	53.400
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús 2000 m ³ og stærri	65.800
Aðrar minni byggingar, s.s. viðbygg., bílg., anddyri, sólst. o.fl.	12.300
Í tilvikum sem nauðsynlegt er að láta yfirfara aðra séruppdrætti s.s. raflagnateikningar og teikningar af vatnsúðakerfum skal leyfishafi greiða gjald sem nemur sannanlegum útlögðum kostnaði	
<i>Úttektir</i>	
(Almenn úttekt kr. 2.900, lokaúttekt kr. 8.700)	kr.
Einbýlis-, par- og raðhús á einni hæð (10 útt. + lokaútt.)	37.700
Einbýlis-, par- og raðhús á tveimur hæðum (12 útt. + lokaútt.)	43.500
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús allt að 2000 m ³ brúttó	51.600
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús 2000 m ³ og stærri	70.100
Fjölbýlishús, gjald, pr. matshluta	64.200
Aðrar minni byggingar, lágmark 3 úttektir á 2.900 kr./útt. + 1 lokaúttekt á 5.800	8.700
<i>Mælingar</i>	
Útsetning (1 fín útsetning og 1 eftirmæling).	50.000

<i>Vottorð/úttekt</i>	kr.
Fokheldisvottorð með úttekt	7.000
Stöðuúttektarvottorð (Ófullgert húsnæði tekið í notkun)	8.700
<i>Húsaleiguúttektir</i>	kr.
Gjald pr. fermetra vegna íbúðarhúsnæðis	17,30
Að hámarki kr. 9.000 fyrir íbúðarhúsnæði.	
Gjald pr. fermetra vegna atvinnuhúsnæðis.	9,35
<i>Veitingahús</i>	
Úttekt vegna vínveitingaleyfis	7.000
<i>Annað</i>	
Gjald fyrir hvert útkall byggingarfulltrúa þar sem verkið er ekki úttektarhæft	3.500
Byggingarfulltrúa er heimilt í sérstökum tilfellum að innheimta gjald fyrir önnur útköll, s.s. vettvangskönnun o.fl., enda hafi verið stofnað til sannanlegs kostnaðar vegna tilviksins	4.500

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt þótt leyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi. Verði byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal nýtt byggingarleyfisgjald vera helmingi lægra en að ofan greinir. Fast gjald helst þó óbreytt.

3. gr.

Byggingarleyfisgjöld, og gjöld fyrir yfirferð á séruppdráttum, úttektir og mælingar skulu ákvarðast og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis.

Fast gjald fyrir byggingarleyfisumsóknir greiðist við móttöku byggingarleyfisumsóknar.

Önnur gjöld, svo sem vegna vottorða, húsaleiguúttekta, úttekta vegna vínveitingaleyfa og óþarfa úttekta, gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

4. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2003 og skulu breytast eftir byggingarvísitölu janúar hvers árs.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og samkvæmt heimild í 27. og 29. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 20. mars 2003.

Garðabæ, 20. mars 2003.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.